

# LÍFFRÆÐI OG ATFERLI

## E-112-LIAT



**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Brynja Björk Magnúsdóttir.

**Lýsing:** Í námskeiðinu fá nemendur innsýn í gerð og starfsemi þeirra líffræðilegu ferla sem tengjast hegðun. Má þar nefna gerð og starfsemi taugafrumna og taugamóta svo og samskipti taugafrumna, gerð og starfsemi heila- og taugakerfis, gerð og starfsemi mismunandi svæða heilans og gerð og starfsemi út- og miðtaugakerfis. Einnig fá nemendur innsýn í líffræðilegar skýringar á skynjun og skyntúlkun, á áhugahvöt, á tilfinningum, á því að borða og drekka, svo og líffræðilegar skýringar á svefni, svefnleysi og dægursveiflum. Þetta er inngangsnámskeið og því þurfa nemendur ekki að hafa undirstöðu í líffræði.

**Lærdómsviðmið:** Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

### *Þekking*

- Lýst og talið upp helstu þætti þeirra líffæra og líffræðilegu eininga sem fjallað verður um í námskeiðinu, s.s. taugafrumu, auga, og eyra.
- Fjallað um helstu atriði í sögu lífeðlisfræðilegrar sálfræði

### *Leikni*

- Útskýrt helstu líffræðilegu ferli sem fjallað verður um í námskeiðinu, s.s. samskipti taugafruma og ferli sjónupplýsinga og borið saman lík/ólík ferli.
- Lýst og borið saman helstu rannsóknaraðferðir sem notaðar eru við rannsóknir í lífeðlisfræðilegri sálfræði, og greint frá kostum og göllum hvernar aðferðar.

### *Hæfni*

- Beitt þeirri þekkingu sem nemandi hefur aflað sér á líffræðilegum ferlum á ný viðfangsefni, s.s. ný en sambærileg dæmi og þau sem koma fram í kennslubók.

**Námsmat:** Verkefni, skyndipróf og lokapróf.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska.

**ECTS:** 6.